

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grundarfjarðarbæ.

*Iðnaðar- og athafnasvæði við Kverná, breyting á deiliskipulagi.*

Þann 13. apríl sl. samþykkti bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi iðnaðar- og athafnasvæðis vestan Kvernár frá 1999 með síðari breytingum, skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillagan er í samræmi við gildandi aðalskipulag Grundarfjarðarbæjar 2019-2039 og felst í meginatriðum í um 1.800 m<sup>2</sup> stækkun á deiliskipulagssvæðinu til suðurs og breytingum á og við götuna Hjallatún, þ.m.t. breytingum á breidd götunnar, lóðastærðum, lóðanúmerum, byggingarreitum og gönguleiðum.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Grundarfirði, 27. september 2023.*

**Kristín Þorleifsdóttir** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 28. september 2023